



Sameiginleg afstaða norrænna höfundaréttarsamtaka varðandi leyfisveitingar vegna notkunar spunagreindar (e. generative AI) við tónlistarframleiðslu – apríl 2025

Gervigreindarþjónustur reiða sig á höfundaréttarvarið efni til að 1) þjálfa líkön og 2) framleiða tónlist, sem síðan 3) keppir beinlínis við manngerðu tónlistina sem notuð var við þjálfunina.

Þessir þrír þættir þurfa að vera háðir formlegum leyfisveitingum, til að tryggja sanngjarna greiðslu til rétthafa. Í því sambandi eru höfundaréttarsamtök nú sem fyrr lykilaðilar varðandi skilvirkni og réttlæti rétthöfum til handa.

Kynning

Fyrirtæki sem byggja á gervigreind reiða sig á höfundaréttarvarða tónlist til að þjálfa líkön sín. Ýmis slík fyrirtæki bjóða upp á umfangsmikla starfsemi byggða á tónlist, sem fyrirtækin hafa notað í leyfisleysi til að framleiða „ný tónverk“, sem eru í beinni samkeppni við hina manngerðu tónlist sem framleiðslan byggir á.

Eins og á við um alla aðra notkun á höfundaréttarvarinni tónlist, þá verður að afla leyfa og gera formlega leyfissamninga, til að tryggja sanngjarna greiðslu til rétthafa. Slíkir samningar stuðla jafnframt að gegnsæi varðandi notkun höfundaréttarvarinnar tónlistar. Höfundaréttarsamtök gegna lykilhlutverki þegar kemur að leyfisveitingum, utanumhaldi og dreifingu réttmætra greiðslna með skilvirkum hætti.

Beita þarf gildandi höfundalögum á skilvirkan hátt til að vernda mannlega sköpun. Ákvæði eru þegar í lögum um leyfisveitingar, sem ná til allra þátta þróunar gervigreindarlíkana – bæði í inntaks- og úttaksfasa, þar með talið sk. „seinni tíma notkun“. —Hins vegar er framkvæmd laganna enn ófullnægjandi.

Auk þess má uppgangur og útbreiðsla tónlistar, sem er 100% framleidd af gervigreind, ekki brengla markaðinn með því að grafa undan verðmæti manngerðrar tónsköpunar. Aðgengi að ókeypis eða ódýrri gervigreindarframleiddri tónlist má ekki leiða til lægri þóknunar til mannlegra skapenda.

Með því að skapa umgjörð sem sameinar nýtingu gervigreindartækni og virðingu fyrir réttindum tónlistarskapenda, getum við stuðlað að nýsköpun og sanngjörnum samkeppnismarkaði – án þess að stefna sjálfbærni skapandi greina í hættu.

Þörfin fyrir leyfisveitingar á sviði gervigreindar

Fjöldi vel skjalfestra lagalegra og stefnumarkandi markmiða liggja að baki umræðunni um gervigreind og höfundarétt. Þótt þessi yfirlýsing feli ekki í sér ítarlega upptalningu á þeim, þá er nauðsynlegt að leggja áherslu á eitt grundvallarviðmið þegar kemur að hvers konar hagnýtingu og sölu á afurðum spunagreindar:

Þróun og nýting hvers konar líkana, kerfa, vettvangs, þjónustu eða tækja sem beintengjast gervigreind, telst til athafna er tengjast höfundarétti og krefjast því leyfisveitinga frá rétthöfum. Það er hornsteinn réttláts og sjálfbærs gervigreindarhagkerfis.

Þrjú lykilstig þar sem leyfisveiting er nauðsynleg

Frá sjónarhóli höfundaréttar hafa norrænu höfundaréttarsamtökin greint þrjú lykilstig í virðisbætur gervigreindarfyrirtækja sem hagnýta manngerð tónverk og skapa úr þeim verðmæti, þannig að leyfisveiting er nauðsynleg:

- *Þjálfun gervigreindarlíkana og tengdra þjónusta* – Þetta felur í sér, en takmarkast ekki við, gagnaöflun, sk. „táknun“ (e. tokenization), gerð gagnasafna og texta- og gagnanám (að því marki sem það á við). Þessar aðgerðir, hvort sem þær eru framkvæmdar af gervigreindar-hönnuðum sjálfum eða af þriðja aðila, byggja á notkun höfundaréttarvarinnar tónlistar og verða að grundvallast á formlegum leyfisveitingum.
- *Veiting gervigreindarþjónustu til almennings* – Það, að gera gervigreindarþjónustu aðgengilega almenningi, þar á meðal notendum (e. end user), hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða aðra aðila, verður að byggjast á formlegum leyfisveitingum.
- *Notkun á tónlist sem framleidd er með gervigreind* – Sk. „síðari notkun“ á tónlist sem er afurð gervigreindarþjónustu verður að byggjast á formlegum leyfisveitingum.

Að tryggja réttihöfum sanngjarna þóknun er grundvallatriði til að vernda mannlega sköpunargáfu og menningu sem og til að tryggja sjálfbæran markað.

Ályktunarregla (e. presumption rule)

Til að færa sönnunarbyrðina yfir á fyrirtæki sem þróa gervigreind þarf að ganga út frá sk. *ályktunarreglu*; Ef slík fyrirtæki starfa ekki með gegnsæum hætti né veita upplýsingar um þjálfunargögn, þá skal ganga út frá því að höfundaréttarvarin tónlist hafi verið notuð til grundvallar. Þessari öryggisráðstöfun er hægt að framfylgja á skilvirkan hátt í gegnum höfundaréttarsamtök.

Hlutverk höfundaréttarsamtaka á tímum gervigreindar

Sameiginleg réttindarvarsla er lykilatriði til að finna lausnir á þeim flóknu lagalegu og efnahagslegu áskorunum og tækifærum sem spunagreind felur í sér. Með því að nýta sér þekkingu og innviði höfundaréttarsamtaka er hægt að tryggja sanngjarna og sjálfbæra umgjörð.

Öryggisráðstafanir höfundaréttarsamtaka:

- **Skilvirkur aðgangur að réttindum** – gerir gervigreindarfyrirtækjum – óháð stærð eða markaðsstöðu – kleift að afla víðtæks leyfis með einum leyfissamningi, sem stuðlar bæði að nýsköpun og lögmætri starfsemi.
- **Sanngjörn dreifing þóknana** – leysir úr óraunhæfri framkvæmd einstakra samninga vegna ógegnisæis spunagreindar.
- **Réttlát þóknun** – til allra rétthafa.

Án sameiginlegrar réttindavörslu, þá hefðu gervigreindarþjónustur sem njóta stuðnings alþjóðlegra tæknifyrirtækja eða stórra fjárfesta, fjárhagslegan hvata til að grafa undan sameiginlegu réttindakerfi, sem myndi jafnt veikja stöðu nýrra gervigreindarfyrirtækja og smærri til meðalstórra rétthafa. Slíkt ójafnvægi má þegar sjá á tónlistarmarkaðnum í dag.

Vel búinn og skipulagður aðili eins og höfundaréttarsamtök, sem eru fulltrúar og útverðir stóra hópa rétthafa, er ómissandi til að gæta réttinda, tryggja gegnsæi og sjá um sanngjarna og skilvirka dreifingu þóknana í takt við viðeigandi og formlega leyfissamninga við gervigreindarfyrirtæki.